

Tillaga um lækkun álags fyrir formennsku í bæjarstjórn, bæjarráði, ráðum og nefndum

Lagt er til að álag á þóknun fyrir formennsku í nefndum, ráðum og embættum forseta og varaforseta bæjarstjórnar verði endurskoðað með það að markmiði að tryggja sanngjarnt en hóflegt álag fyrir aukna ábyrgð og umfang starfa. Samkvæmt þessari tillögu verði laun forseta bæjarstjórnar og formanna í bæjarráði, ráðum og nefndum 20% hærri en almenn laun bæjarfulltrúa eða aðalfulltrúa í viðkomandi nefnd eða ráði, í stað 50 og rúmlega 50% álags í fyrirbyggjandi tillögu. Varaforseti bæjarstjórnar fái 10% álag.

Tillagan leiðir til skýrleika í launasetningu og tryggir að laun taki mið af raunverulegri vinnu og ábyrgð sem fylgir formennsku og forsetahlutverkum, um leið og hún stuðlar að sparnaði fyrir sveitarfélagið. Heildarsparnaður vegna breytingarinnar er um 4.000.000 kr. á ársgrundvelli.

Með þessari breytingu er áhersla lögð á jafnræði og sanngirni í launasetningu kjörinna fulltrúa, auk þess sem gætt er hófsemi og ábyrgðar í rekstri sveitarfélagsins.

	Laun núverandi tillaga (kr.)	Laun breytingartillaga (kr.)	Breytt hlutf. af þingfararkaupi (%)	Sparnaður vegna breytingar (kr.)
Bæjarstjórn - Bæjarfulltrúi	415.626	415.626	25,24	0
Forseti bæjarstjórnar	637.886	498.751	30,29	139.135
Varaforseti bæjarstjórnar	560.589	457.189	27,77	103.400
Bæjarráð - Aðalfulltrúi	444.520	444.520	27	0
Bæjarráð - Formaður	666.780	533.424	32,4	133.356
Ráð - Aðalfulltrúi	111.130	111.130	6,75	0
Ráð - Formaður	166.695	133.356	8,1	33.339
Nefnd - Aðalfulltrúi	66.678	66.678	4,05	0
Nefnd - Formaður	100.017	80.014	4,86	20.003